

Íslensk NýOrka ehf

Grensásvegi 9, P.O. Box 8192, 128 Reykjavík, Iceland
Phone: +354-588-0310 Fax: +354-588-0315 Email: skulason@newenergy.is

Reykjavík, 16.03.2012

Berist til: Nefndarsviðs alþingis

*Alþingi
Erindi nr. P 140/1543
komudagur 16.3.2012*

Umsögn um:

Frumvarp til laga um ráðstafanir til að lækka eldsneytisverð (lækkun olíugjalds og vörugjalds), 559. mál

Nýlega var kynnt skýrsla á Alþingi um Orkuskipti í samgöngum. Ljóst var að mikill samhugur var í þingmönnum að vinna að málinu og að orkuskipti í samgöngum gætu haft verulegan þjóðhagslegan ávinning í för með sér. Í þeirri skýrslu var lögð fram aðgerðaráætlun hvernig hægt væri að flýta fyrir slíkum orkuskiptum t.d. með opinberrum ívilnunum. Meðal annars var lagt til að VSK yrði felldur niður af bilum með engan útblástur. Einnig var þar lagt til að stofnaður yrði fjárfestingarsjóður, til uppbyggingar á innviðum fyrir visthæft innlent eldsneyti, sem fengi framlög frá því koltvísýringsgjaldi sem nú er á eldsneyti, tillagan var 1 kr af því gjaldi (af hverjum lítra) í slíkan fjárfestingarsjóð.

Það skýtur því nokkuð skökku við að stuttu eftir jákvæða umfjöllun Alþingis um málið er lögð fram tillaga um að lækka eldsneytisverð. Undirritaður átti frekar von á að sjá frumvörp sem stefna að orkuskiptum í samgöngum en ekki lækkun á jarðefnaeldsneyti. Ef slík svigrúm eru í að lækka gjöld telur undirritaður að frekar ætti að auka fjármuni til orkuskipta í samgöngum sem munu draga úr vægi og innflutningi á jarðefnaeldsneyti í framtíðinni og stuðla að bættri og aukinni nýtingu innlendra vistvænna orkugjafa.

Undirritaður telur því ofangreint mál tímaskekkju.

Ein af þeim skýringum sem gefnar eru með frumvarpinu er að hátt olíuverð geti haft áhrif á ferðamannastraum til landsins. Í samanburði við all mörg Evrópulönd er eldsneytisverð ekki hærra á Íslandi og því eru ferðamenn vanir slíku verði. Ferðamannastraumur hefur aldrei verið meiri til landsins eins og verið hefur fyrstu mánuði þessa árs og ekki hefur hátt eldsneytisverð haft áhrif á það.

Ég hvet alla þingmenn til að snúa sér frekar að einhenda sér í orkuskipti í samgöngum, nýtum okkar auðlindir á bílana og skipin. Undirritaður vonar því að frumvarpið verði ekki samþykkt.

Jón Björn Skúlason
Framkvæmdastjóri